

Móttæki 9. jan. 78

Á R S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi 1977.

Veðráttta:

Árið sem er að kveðja var veðragott og tíðarfar hagstætt. Snjór var enginn að kalla á Vesturlandi og klaki lítill í jörð. Vorið var frekar kalt og gréri seint. 21. maí skrifa ég í dagbók mína að í Norðtunguskógi sé tæp skóflustunga á klaka í græðireit. Í júní rigndi allmikið, einkum seinni hluta mánaðarins og helst rigningsársöm veðráttta allt til júliloka. Ágúst mánuður var veðragóður. September og október voru hlýir og úrkomulitlir, og gréri jörð þar sem slegið hafði verið. Nóvember var kaldur, en gerði milda veðráttu í desember, en seinustu daga mánaðarins voru risjóttir. Heildarlega er árið gott hvað árferði snertir, og hagstætt jarðargróðri.

Vöxtur trjáa og jurta:

Birkið fór að springa út um 20. maí, en mjög misjafnt er það eftir skóglendum, t.d. springur Norðtunguskógur mjög seint út, og ég hef áður greint frá því að birki úr Bæjarstaðaskógi springur allt að hálfum mánuði fyrir út en Borgfirska kjarrið, og á haustin fellir það lauf örugglega hálfum mánuði síðar en heimabirkið. Barrtré hafa vaxið mjög vel í sumar og hygg ég að sitkagrenið skipi fyrsta sætið. Lúpína óx vel og breiðist hún út, en það þarf að koma henni í fleiri girðingar.

Starfsfólk:

Starfsfólk var mjög fátt, flest í júní og fram eftir júlí. Birgir Hauksson var aðalhjálparmaður minn. Að þessu sinni seldi ég út vinnu og held ég að það sé hagkvæmt og komi sér vel fyrir þá sem gróðursetja lítið og hafa ekki tæk á að fá vant fólk til verka. Flest starfaði 12 manns í einu.

Girðingar:

Girðingar voru lagfærðar en nýjar girðingar voru engar. Mjög ber á því að hlið á skógræktargirðingum séu skilin eftir opin, einkum við Hreðavatn, og verð ég að vakta þá girðingu um helgar á sumrin. Þá þarf mjög að athuga Norðtungugirðingu, sökum þess að hún liggur um þjóðbraut þvera og þar er hættan meiri en annars staðar ef hlið eru opin. Skógagirðing í Þorskafirði er alvarlegt vandamál. Bahaisöfnuður á Íslandi hefur að kalla öll umráð yfir ~~þessum~~ ^{Skógrækt} Skógrækt ríkisins hefur gjört ~~auðar~~ girðingarframkvæmdir þarna og einnig gróðursett og látið af hendi plöntur til fyrrverandi eiganda Skóga. Það fer ekki milli mála að Skógrækt ríkisins hefur fullt umráð yfir landsvæðinu lagalega séð. Undanfarin ár hef ég fengið góðan mann til að fylgjast með girðingunni og gera við hana. Reikninginn hef ég sent Skógrækt ríkisins og er það í hennar valdi að innheimta reikningsupphæðina af eigendum Skóga. Eg hef áður gjört tillögur um Skógagirðingu og vísa ég til þeirra skrifa minna sem er að finna í skýrslum mínum á liðnum árum.

Skógarhögg:

Skógarhögg var framkvæmt í Norðtunguskógi, en þyrfti að vera meira. Þá var grisjað í Gilsbakkagirðingu og lítið eitt í Jafnaskarðs-girðingu.

Áburðargjöf var hokkur í Norðtunguskógi og víðar.

Græðireitur:

Úr græðireit komu til gróðursetningar:

Birki	1.500	stk.
Rauðgreni	14.000	"
Stafafura	2.000	"
Bergfura	4.000	"
Sitkagreni	1.650	"

Samt. skógarplöntur 23.150 stk.

Auk þess Brekkuvíðir	1.500	"
Reynir	150	"
Viðja	3.000	"

Alls eru þetta um 27.800 plöntur.

Þá var mikið tekið af lúpínuhnausum og flutt í girðingar og einnig fært út í Norðtunguskóg.

Að þessu sinni var engu dreifplantað í reitinn nema nokkru af viðjustiklingum, og er þetta gert samkvæmt fyrirmælum frá skrifstofu Skógræktar ríkisins, þar sem engir peningar eru veittir í græðireitinn.

Eftir eru í reitinum 7-10 þúsund stk. af viðju.

Rauðgreni 1/2	14.500	stk.
Stafafura 1/2	7.000	"

Þá er mjög góður reynir (garðpl.) 300 stk.

Ösp 50 stk. og ýmsar teg. 100 "

Mörg skjólbelti eru í reitinum og sum þeirra í örum vaxti.

Gróðursetning:

Jafnaskarðsgirðing:

Blágreni 2/4	600	stk.
Rauðgreni 2/4 (N)	5.600	"

Samtals: 6.200 stk.

Norðtunguskógur:

Rauðgreni (N) 2/2	8.000	stk.
Stafafura -Skagway 2/2	7.000	"
" " 679	400	"
Bergfura 2/3 Vaglir	1.000	"
Bergfura 2/2 (N)	3.000	"

Sitkagreni (Homer) 2/2	3.200	stk.
" (N) 2/2	2.000	"
Hvítgreni (Vöglum) 2/4	2.300	"
	<hr/>	
Samtals:	26.900	stk.

Melsgirðing:

Stafafura (Skagway) 2/2	2.000	stk.
Bergfura (Vaglir) 2/3	1.000	"
Hvítgreni (Vaglir) 2/3	500	"
	<hr/>	
Samtals:	3.500	stk.

Síðumúlagirðing:

Birki (Vaglir)	2.000	stk.
Bergfura	500	"
	<hr/>	
Samtals:	2.500	stk.

Dalagirðing, Geirshlíðar- og Hörðubólsgirðing:

Stafafura (Skagway) 2/2	1.000	stk.
Bergfura (Vaglir) 2/3	1.500	"
Hvítgreni (Vaglir) 2/3	475	"
Blágreni (Vaglir) 2/4	1.000	"
Birki (Vaglir) 1/2	300	"
" (N)	200	"
	<hr/>	
Samtals:	4.475	stk.

Norðtunguskógur-garðyrkjumenn:

Rauðgreni	600	stk.
Stafafura	200	"
	<hr/>	
Samtals:	800	stk.

Jafnaskarðsskógur-Friðrik Þorsteinsson:

Rauðgreni (N)	100	stk.
Stafafura (Vaglir)	1.100	"
	<hr/>	
Samtals:	1.200	stk.

Alls eru þetta um 45.575 plöntur sem gróðursettar voru á vegum Skógræktar ríkisins.

Ferðalög og ýmislegt:

Fjarverandi vegna skógræktarmála var ég í 140 daga. Auk þess ynni ég af hendi bréfaskriftir, skýrslugerðir, símaþjónustu við fólk og hafði einnig á höndum störf fyrir skógræktarfélagið. Helstu ferðir voru: 22., 23. og 24. febr. í skógræktarferindum í Reykjavík. 27. og 28. febr. á skógarvarðafundi í Reykjavík. 15. mars farið í Húsafell. 28. og 29. mars ferð til Reykjavíkur samkv. ósk skógræktarstjóra. 17., 18. og 19. apríl ferð og dvöl í Reykjavík.

4., 5., 6. og 7. maí á skógarvarðarfundum í Reykjavík.

8. júlí ferð til Akraness. 17. júní ferð í Dalasýslugirðingu.

18. til 20. júlí Húsafellsferðir. 26. og 27. júní í Reykjavík hjá skógræktarstjóra. 5. júlí ferð með verkafólk í Dalasýslu, gróðursetning. 16. júlí ferð í Skógagirðingu í Þorskafirði.

18. sept. ferð í girðingar á Snæfellsnesi. 19. og 20. september ferð um skógræktargirðingar í Dalasýslu. 5. okt. ferð í Húsafellsskóg.

Langmestur tími minn er bundinn við Norðtunguskóg og ferðir þaðan vítt og breitt um þetta stóra hérað. Í Norðtunguskógi eru allar plöntur geymdar, og þar eru öll áhöld og tæki. Þar er samastaður fyrir fólk. Þá fer mikill tími í ýmsar fyrirgreiðslur og kynningu skógræktar. Ég var tvær vikur á sjúkrahúsi og eru það einu frátafir vegna veikinda hjá mér í 38 ára starfi.

Ég var ákveðinn að hætta störfum hjá Skógrækt ríkisins s.l. ár en vegna tilmæla nokkurra vina minna hélt ég áfram þetta ár.

Nú hef ég sagt starfi mínu lausu fyrir næsta sumar.

Gifta fylgi skógræktarstörfum á Íslandi.

Þökk fyrir samstarfið og megi hinum nýskipaða skógræktarstjóra Sigurði Blöndal vegna vel í starfi.

Hreðavatni gamlársmorgun 1977.



Daniel Kristjánsson.